

Alþingi
Erindi nr. P 128/125
komudagur 21.11.2002

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



20. nóvember 2002

Htv. samgöngunefnd Alþingis
Guðmundur Hallvarðsson formaður

Efni: Umsögn um mál nr. 157, þurrleiguskráning fiskiskipa.

Landssamband smábátæigenda (LS) telur það frumvarp sem hér er til umsagnar geta leitt til fleiri neikvæðra áhrifa en jákvæðra. LS leggst því gegn samþykkt frumvarpsins.

Greinargerð:

Offjárfesting í fiskveiðum er vaxandi vandamál hér á landi, jafnt og annars staðar í veröldinni. Íslendingar eiga ekki að vera í farabroddi þjóða með að samþykkja lög er verða þess valdandi að auka enn á slíkt. Veruleg hættu er á að samþykkt þessa frumvarps leiði til enn frekari fjölgunar fiskiskipa hér við land. Þeim væri hægt að halda hér í útgerð hluta úr ári með því að tryggja þeim rekstur á öðrum tímum utan landhelginnar. Eigendur skipa sem fá veiðileyfi í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eiga ekki að geta reitt sig á að forsenda fyrir slíku leyfi séu veiðar á ofnýttum miðum annarra landa.

LS telur að Íslendingar eigi að stemma stigu við offjárfestingu í fiskveiðum með öðrum hætti heldur en velta vandamálinu yfir á aðrar þjóðir, þar sem löggjöf um öryggi og réttindi er ekki hliðstæð og hér er.

Þá varar LS við samþykkt þessa frumvarps vegna fordæmis um jafnræði er það gæti haft fyrir aðrar þjóðir gagnvart sambærilegri lagasetningu.

Virðingarfyllt

fh. Landssambands smábátæigenda

Örn Pálsson framkvæmdastjóri